

myndin er eftir gömlum dönskum jólapoka  
(sem raunar er í lit)



Góprún dimmblá skráir  
mál litlu kjaftforu völvu

**Óðsmál in fornu** ISBN 978-9935-409-40-9

**23.** ISBN 978-9935-409-22-5

# jólasveinar álfar gandreið

Göia goði, Óðsmál,  
<http://www.mmedia.is/odsmal>  
[frejukettir@mmedia.is](mailto:frejukettir@mmedia.is); [odsmal@mmedia.is](mailto:odsmal@mmedia.is)



Norraen menning  
\*\*\*\*\*  
+354 694 1264; +354 552 8080




*Kannskí varð julebúkken að jólaketti hjá okkur?  
Einhver ruglingur líka á hver étur hvern og hvers vegna.  
Frjósemitákn og grýlur eiga annars ekkert sameiginlegt,  
en mömmur eiga það til að nota grýlur þegar þær ráða ekkert við  
uppeldið -- og skilja ekki til hvers börnin eru að fæðast.*

*Skilja þar með ekki sitt hlutverk.  
Ég á danska frænku sem trúði því alla bernskuna að foreldrar  
hennar myndu selja hana ef hún væri ekki þæg. Þau höfðu þessi*

*tök á henni:  
Hvis du ikke er sød og pen, sælger vi dig, og får mange mange  
penge for dig.*

*Andlegt ofbeldi er líka spurning um þroskastig.*



## **jólasveinar álfar gandreioð**

**áflöð**

**fjaðurhamur**


**álf**

**heiðioð táknmál um æðra vitundarstig**

**draugatrú**

*-Heilir, jólasveinar,  
heilir, álfar !*

-Heil og sæl, spurula völva. Velkomin í álfheima, velkomin til jólasveina.



Freyr býr í Álfheimum

Gullinbursti, mynd frá Frömund Ansheille Fröjsgode

Auðumbla gnægtakýr og Gullinbursti bestur galta búa hér.

Ímyndaðu þér að amma þín og afi hafi ræktað garð við húsið sitt af alúð  
alla sína ævi.

Svo komi ókunnur gestur,  
tíni öll blómin í garðinum ykkar,  
færi þér þann blómvönd  
og segi að hann sé hinn sanni garður,  
en afi þinn og amma hafi aldrei ræktað neitt af viti,  
og við skulum bara gleyma þeim og þeirra asnalega ævistarfi,  
þeirra asnalegu hugmyndum.

Þau hafi verið rugludallar.

Svo, ef þú myndir nú neita að trúna honum, malda í móinn, vona undir  
niðri að ræturnar í garðinum þeirra taki við sér aftur, virða starf afa þíns  
og ömmu,  
ekki vilja afskorin blómin í vasa,  
þá dræpi hann þig  
og eignaði sjálfum sér húsið og garðinn.

Auðvitað dóu ræturnar ekki neitt.

Ekki heldur fræin í moldinni.

Blómstra á ný þegar vorar ný öld.

Auðvitað fæðast menn aftur og aftur,

en stundum muna þeir ekki fyrri líf.

Trúa því sem þeir eru heilapvegnir með sem óþroskuð börn.

Óðinn Jólnir rekur brott vættir myrkra og kulda,  
alla kuldabolana og bola bola sem bankar á dyr,  
og stinga strák oní kolabing lok'ann út'og lemjann láta bola bít'ann,

allt svona er einnig rekið brott, því nú er komnir góðir tímar,

tímar þekkingarinnar miklu.

Þyrjandi yfir himinvitund. Það hefur Jólnir ætíð gert og gerir áfram.  
Myrkar aldir koma,  
líða hjá,  
og jafnvel að milljóna ára ferlum loknum, við raganrök,  
rís úr sæ jörð iðjagræn, gróa laukar, Líf og Lífprasir lifa.

Börnin hjálpa Óðni, Jólni, með því að fóðra Sleipni (taugakerfið, 15., 31.)  
eða hreindýrið sem dregur sleðann.



Það er hin sanna jólagjöf:  
Að gefa, hjálpa,  
ekki heimta, ekki vera sjálfsselskur.  
Ekki óskalisti yfir dótið sem börnin vilja láta gefa sér,  
heldur hjálpa birtunni, hvort sem það er hækkandi sól eftir jól,  
eða innri birta laus við hugtakið ek (einstakling).

Birta handa öllu sem lifir.  
(40., nasto moha, smritir labdhaa)

*-Einhvern tíma var á Íslandi jólavíðskiptafyrirtæki, sem tók við óskalistum frá amrískum foreldrum, og peningum. Fyrirtækið var Santa Klás sem afgreiddi pantanirnar af óskalistunum, eftir því hve marga dollara foreldrarnir sendu, og pakkinn kom, til barnanna, í pósti frá Santa Claus, Iceland, eða Santa Claus, North Pole, með ho ho ho jólakveðju..*

-Heilagur Claus var barngóður maður, en nú er hann kominn í þessa peningadellu heimsins og jólagjafastreitutímamann, blessaður karlinn. Kominn í jólasveinabúning, og hefur fitnað mikið í velmegunarhugtökunum og ofátstízkunni.

*-En verst er að sumir nota hann fyrir Grýlu.*

-Kristnar mæður, ekki heiðnar, eru þeir heiglar að kenna vætti gleði og tilhlökkunar um þá hegningu sem hráa kartaflan í skóinn er.

Auðvitað virkar Grýla jólasveinamma ekki lengur, svo gripið er til annarrar Grýlu, en Grýlur eru það er að ná tangarhaldi á börnum, -- þau skuli sko hafa verra af ef þau ekki hlýða.

Þetta er gulrótin og keyrið, helvíti og himnaríki, fyrir hlýðna eða óhlýðna sauði.

Þetta er lúalegt lunkubragð.

Dingla gulrót fyrir framan asnann og hafa keyrið við lend hans, ekki fallett að ráðast svona á andlega minni máttar einsog dýr og börn.

Barnið vaknar morgin hvern fyrir jólin, augum glitrandi af eftirvæntingu og tilhlökkun.

Og ekki að ósvinna mamman axli ábyrgð, heldur lýgur hún uppá vætti tilhlökkunar og gleði, Santa, þessari illsku sinni og skilningsleysi í örvæntingu vegna þess að hún hefur ekki tök á krógunum sínum nema með lúalegu andlegu ofbeldi -- og ekki tök á sjálfri sér og sínu lífi; þetta er viðurkenning á vanmætti og heimsku hennar sjálfrar.

Börnin verða reið, verða sár, niðurlægð, hata, vilja hefna, því þetta er grimmd....

sem elur af sér allt annað en ást, hlýju, kærleika, gleði.

*-.....nema litla telpan sem, full gleði, bað mömmu sína um að sjóða jólasveinsgjöfina, kartöfluna, með mikilli aðgát. (10., heiðið uppeldi.)*

-Hún er yndisleg. Svona tærleika hafa sum börn.

Heiðnar mæður vilja sjálfstæð börn (10., heiðið uppeldi) sem skilja til hvers reglur eru,



og börn verða að læra að aga sig sjálf án ótta og hótana, lifa aðeins út frá sjálfra sín lífi, með virðingu fyrir öðrum lífverum.

Börn þurfa að skilja (33.) Urði Verðandi Skuldu, og (37.) njóta vitundarþroska.

Befana hin ítalska er mjög góð grýla, góð við börnin og gjafmild.  
Og okkar Grýla er að byrja að verða mjög skemmtileg og kær börnunum.

*-Þegar ég var lítil trúði enginn lengur á Grýlu, en löggan var notuð í staðinn:*

*Mamma Palla kallaði út um eldhússgluggann: Palli komdu inn.*

*Palli hélt áfram að leika sér úti á götu – einsog allir krakkar í þá daga.*

*Nokkru síðar kallaði mamman höst: Palli komdu strax inn. Gegndu mér.*

*Hún lokaði eldhússglugganum allfast svo small í.*

*Palli hélt áfram að leika sér úti.*

*Enn, nokkru síðar, kallaði mamma Palla út um eldhússgluggann: Palli !! komdu strax, annars læt ég þabba þinn rasskella þig þegar hann kemur heim.*

*Hún skellti glugganum.*

*Palli hélt áfram að leika sér.*

*Síðar opnaði mamma Palla enn á ný eldhússgluggann og spýtti útúr sér:*

*Komdu, eða ég læt lögguna taka þig.*

*Þá stakk Palli af og fór að leika sér þar sem hann vissi að enginn fyndi hann.*

-Ekki eru alla mömmur uppljómaðar.

Grýla gæti verið búin til úr Gerði (8.),  
og þá er Freyr Leppalúði. Frekar aðgerðalaus og lítilsigldur,  
en svo er nú Freyr án Gerðar sinnar -- bara á bömmur.

Gerðargleði var í hávegum höfð um jól, og hornin voru frjósemitákn.

Þetta var allt allt of mikil gleði fyrir smekk eingyðjísins.  
Zíonistar bönnuðu meira að segja dans og söng. Allt of gaman.  
Djöfullega gaman.

Auðvitað var Gerðargleðin allt of mikill hasar.  
Hjáguðadýrðkun að auki!!

Þar sem alls ekki er hægt að uppræta menningararfinn, reyndu sumir að gera lítið úr honum.

Þetta er sem betur fer alveg að detta uppfyrir.  
Nú er umburðarlyndi og skilningur að ryðja sér til rúms.

Svona séra Jónur í Grindavíkum er ekki í tízku lengur.  
Þykja þröngsýnar og heimskar brussur.

Eru á ríkiskaupi núna við að þjóna þeim sem það vilja, en eru ekki á ríkiskaupi við að eyðileggja annarra manna skoðanir.  
(Þroskamerki hjá ofurlauna-embættismönnum þessum, sem hafa lítið að gera annað en tala og njóta hlunninda sinna.)

En -- þótt hjáróma sé -- er einn og einn prestur enn að tala illa um íslenzku jólasveinana, segja að þeir steli og hræði, en ameríski Santa sé svo góður og gjafmildur.

Séra Sigurður Árni skrifaði pistil, --hafði mynd af sér með, hlæjandi-- í jólablaði hjúkrunarstofnunar, skrifaði um vonda gamla tímanna og vondu gömlu jólasveinana sem menn þyrftu að losa sig við því þeir táknuðu græðgi og eyðileggingu. Sjálfum fannst honum þetta gott hjá sér.

En raunar afhjúpaði hann fávizku sína þarna.

Aumingja prestarnir þurfa auðvitað alltaf að finna eitthvað til að leggja út af, en að vera endalaust að gera lítið úr öðru en sínum eigin skoðunum er löngu dottið úr tísku.

Nú sýna prestar umburðarlyndi (nema Sigurður Árni og Jónur), og eru hættir að nöldra yfir menningararfinum okkar,

--- sem aldrei getur dáíð, því hann er sannleikurinn.

Gerðargleði er hið bezta mál.

Gerður ætlar að drattast til að hitta Frey (8.) í lognfara lundi Barra, sem er sígrænn lundur, og barr þýðir einnig röskur reiðubúinn.

Hún er hálfsmeyk við lýsinguna á hrímþursalífi (þursar, 32.) sem Skírnir útmálar fyrir henni allharkalega og bersöglislega.

Ekki er sú útskýring bein hótun, heldur verið að benda henni á hvaða vitundarstig hún lifir.

Verið að opna augu hennar fyrir hugtaki sem heitir þróun, og hún hefur ekki hundsvit á.

Við galdurinn verður skilningur hennar næmari á villur hennar vega, en hún hefur, frjáls og sjálfstæð, val eftir sem áður.

Af öryggisástæðum ákveður hún að prófa þetta yóga योग með guði.



-Hæ, draugar!

*Er satt að þið séuð séríslenzkt fyrirbæri, þ.e. hvorki aðeins vofa né heldur lifandi menn, lifandi þó og ekki dauðir, dauðir þó og ekki lifandi?*



-Jamm.  
Mikið rétt, kjaftfora.  
Óhrædd ertu?

*-Það er svo gaman að séríslenzku öllu hinu og þessu.*

*Nykur var hestur úr hafí og vötnum og sneru hófarni aftur*

*orðið úr sanskrít nakra नक्र krókudíll*

*orðið skylt njósna nusa nýsa(st) nirúúp nírtíks ofl निरूप निरीक्ष*

-Við skulum segja þér, kjána mín kjaftfora litla, hvernig þessi draugatrú byrjaði:

Þegar prestar fóru að segja: -mold ertu, af moldu skaltu aftur upp rísa, og eitthvað svoleiðis....



.....fóru menn að búast við einhverju sem risi upp úr moldinni.

Menn skildu auðvitað ekki bofs.

Prestarnir voru jú að jarða búka en ekki sálir.



Myrkrið, fáfræðin og óttinn sáu um restina. Myrkar aldir.

Trú og trúgirni -- sem er pakki.



Og við sögðum við prestana:

-Nú! varstu ekki að enda við að segja að rísa skulum við af moldu. Spá fyrir um eða fyrirskipa uppreisnu draugsins?

Er aldrei andskotans neitt að marka eitt eða neitt sem þið eruð á kaupi við að segja, andskotarnir ykkar? Getið þið aldrei verið sjálfum ykkur samkvæmir, helvítin ykkar? Segið eitt á messutíma og annað utan messutíma. Hvaða djöfuls munur er á manni í hempu og sama manni förnum úr henni?

Við getum auðvitað talað svona, því við erum dauðir hvort eð er, höfum engu að tapa þótt þeir séu að setja ofaní við okkur og biðja okkur að vanda málfar okkar.

Þeir svöruðu að þeir segðu líka: -hvíldu í friði,

-já, en þú sagðir mér rétt áðan að upp rísa aftur úr moldinni, ha? Hvers konan hringl og misvisandi skilaboð eru þetta alltaf hjá þér séra Páll Pétur?

Til dæmis talaðirðu um náungakærleikann og svo rakstu förukonuna útúr kyrkjunni og skelltir í lás í snatri svo þú kæmist í messukaffið og pönnsurnar í hlýju baðstofunni -- hlýjuna og pönnsurnar sem hún auðvitað fékk ekki.

Við hittum förukonuna oft og hún lét sér ekki bregða hið minnsta.

Veröldin var kaldranalegri en þau atvik að hitta drauga á förnum vegi. Að minnsta kosti vel hægt að halda uppi samræðum við Mórana og Skotturnar, þótt prestarnir hefðu ekki tíma til að spjalla við förukonur.

Þeim er meinilla við okkur og reyna að kveða okkur niður. Endemis ómennin.

rammíslenzk ljúf draugasaga: Hreggnótt

<http://www.mmedia.is/odsmal/sagaHreggnott.html>

*-Er það svona sem draugatrú varð til á Íslandi?*

*Ái, forfaðir, sagði nefnilega..... (en hann var genginn og horfinn ströndum löngu áður en draugatrúin var fundin upp):*


*-Við erum ginnungagap. Við erum sæla gyðjunnar Sólar. Aananda. Hamingja er það að hemja sæluna í kroppinn sinn allan.*

*Ái forfaðir sagði að heiðnir menn segi:*

*-Allar lífverur eru úr ginnungagapi komar, sælu gyðjunnar Sólar,*

*allar lífverur eru ginnungagap, sæla gyðjunnar Sólar,  
og það uppiheldur öllum lífandi verum -- og veröld allri.  
Þegar lífverur hverfa ströndum til heljar,  
eru þær á ný aðeins ginnungagap,  
sæla gyðjunnar Sólar. Aananda.*

आनन्दाद्ध्येव खल्विमानि भूतानि जायन्ते ।  
आनन्देन जातानि जीवन्ति ।  
आनन्दं प्रयन्त्यभिसंविशन्ति ॥



*Kannski getum við hugsað okkur að við séum totur af ginnungagapi  
sem hreyfa sig um í eigin líkama, heimatilbúnum og sérhönnuðum af okkur  
sjálfum.*

*Eigum það til að líkjast foreldrunum sem við völdum okkur.*

*Hið ginnhelga gap er alls staðar, innan alls efnis, og við erum í raun og  
veru það.*

*Fáfræðin og óttinn eru ekki þar.  
Þaðan koma geislar gyðjunnar Sólar.*

*Við erum ginnungagap.  
Við erum sæla gyðjunnar Sólar.  
Hamingja er það að hemja sæluna í kroppinn sinn allan.  
Verða einherjar í Valhöllu sprellum lifandi.*



*„Guðin elska þá sem deyja ungir” táknar að hinir tæru menn verða oftast  
gamlir að árum, en hver fruma nærast af eplum Íðunnar, svo kroppurinn er  
stungur.*

*Þeir verða gamlir og heilbrigðir.  
Það er guðunum mjög að skapi.*




*Þetta nammínamm er amritanam, ambrosia, ódáinsfæða,  
og fæst með því að fremja valkyrju.*



*Valkyrja er gjörningur.*

*Segið mér nú, góðu vættir mínar, hvað gandreið er?  
Álfadrottning er að beizla gandinn,  
svo menn trúa því að álfar þeysi um á göndum, álfafákum sínum.*

*Er ekki gott að verða á þeirra leið?*



*álfadrottning er að beizla gandinn, Visnabókin,HP*

*-Ja, hvað þýðir „innra með manni“?*

*Hvað er þetta að finna innan sín?  
Og hvernig í ósköpunum kemst maður þangað!!  
-- eða yfirhöfuð getur leitað einhvers þar!!?*

*Við erum ginnungagap, við erum sæla gyðjunnar Sólar, aananda,  
-- svo við þurfum ekki að leita !!*

*aðeins læra tæknina sem virkar, TM,  
til að losna við það sem skyggir á raunveruna, og þá „sjáum“ við.  
(18., Sága, hin sjáandi gyðja).*

Menn eru að leita að sjálfum sér,  
en sjá ekki fyrir sjóninni(!),

möo skilningarvitin glepja, því þau sjá hið skapaða (26.).  
Skilningarvit og skilningur er sitt hvað.




Ath.: Skilningarvit og skilningur er sitt hvað  
rétt einsog tilfinning og tilfinningar er sitt hvað.

„Inn” táknar að vera hið guðlega innsta eðli manna.

Við reynzlu manns af ginnungagapi, Gláðheimum,  
verður sýn á alla skapaða hluti skýr.

Hugsun verður til í djúpinu.



Tær maður verður var við hugsun í djúpinu.  
Þar er hún rétt.  
Þar er allt rétt og fullkomið.

Stress-heilar eru grunnhyggjur.

Ótær maður verður ekki var við hugsun fyrr en hún er komin upp á  
yfirborðið.  
Hún gæti verið vanhugsuð.

\*\*\*\*\*

Innskot: Við skulum athuga:  
Þessar ótal mörgu útgáfur af tækni við að róa hugann,  
leiða alls ekki til 4. vitundarstigsins.  
Margt er í boði,  
sumt áreynsla, sumt gagnslaust við að nálgast Gláðheima, nirvana.




Gott er samt að kyrra hugann,  
þótt tækni sem víða býðst sé oftast ófullkomin.  
En varizt:  
Sumt hleður inn streitu.

Ekki gera þær gagn fyrir menn við að reyna að finna sjálfa sig.

Ótal tæknafrbrigði hafa verið vísindalega mæld, og allar mælingar sýnt að ekki næst 4.vitundarstigið, sem er yoga, hið eina sem er raunverulega yoga. Þess vegna borgar sig að velja TM strax. Samræmdar heilabylgjur mælast - strax frá fyrstu sekúndu - með TM, samræmdar alfa-bylgjur. Nærri 700 rannsóknir liggja fyrir á TM.

Eftir einbeitingu, eða róandi hugsýnir, gæti feginleiki, og dofi og doði, virkað sem góð áhrif af erfiðinu, en eru, engu að síður, þreytueinkenni, eftirköst þreytu, feiginleiki, aðeins tilfinning og hugsun á veraldlegu sviði, einsog allt ferlið er í þessum ýmsu aðferðum sem eru á boðstólnum víða. TM er tækni og vísindi sem virkar.



TM, ©GlobalCountry

innsk.lýkur \*\*\*\*\*



Gandreið.

Fjaðurham fær Loki að láni, þótt úr silfri eða gulli væri, hjá Freyju.  
Hann er ekki úr veraldlegu silfri eða gulli.  
Hann er í þessu „innra” sem margir hafa útskýrt af viti,  
en fáir hafa kennt mönnum að finna.

Hamur er skylt sanskrit hamsa (svanur, gæs) हम्स हण्स हंस, hañsa,  
fjaðurhamur, hamur (skylt þ.Hemd).



Álft, samstofna álfur og elvur, ríbhú ऋभ,  
en valkyrjur eiga það til að kasta haminum þegar þær lenda og þurfa að  
gera annað.

Fjaðurhamur, álfar álft elfur,  
hrafnar (30.), gæs, grágás, Grágás, gandur (enska gander), gandreid,  
Sól sæla (aananda) hamingja.

Sleipnir hinn sleipi sleppir manni innfyrir,  
aðferðin er valkyrja framin,

seiður siddhi (fullkonnun) svadha (sjálfum-gefinn) suddha (vígja tært)  
fórn són  
sem allt er um tilgang lífsins.

suddhaa er seiður सुद्धा

Við losnum við myrkur og fáfræði.  
Vitundarþroskamenntun (37.) breytir lífi barnanna.  
Sýnir þeim til hvers menn eru að fæðast.

Þegar menn verða uppljómaðir þurfa álfar minna að hjálpa þeim.

Hvað er Ivan konungsson að gera með teppið og eldfuglinn,

**жар-птица**

Aladin á líka teppi, og Ali Baba er með teppi.  
Eldfuglinn er verk eftir Strawinski, svo hann vissi um eldfugl.

Vitað er um munk sem alltaf ferðaðist í loftinu,  
og til eru sögur um evrópska einstaklinga sem svifu upp úr sætunum í  
trúarhita sínum.

Í Ástralíu voru vitru konurnar sem ferðuðust í loftinu.

TM er er stundað af milljónum manna núna,  
yóga-flug læra æ fleiri,  
og þeir kalla það nokkurra metra kjúkklingahopp  
og skemmta sér konunglega í Glæðheimum sínum.

Brátt fljúga þeir í þúsundavís.  
Það verður þegar heimsvitundin hækkar.

Streitan sem enn er í heimsvitundinni hamlar yogafuginu.

Gandreið er heiðna útgáfan af þessu tæra svífandi fólki.




Hér eru tveir svona fljúgandi yógar að fara yfir götu, svífandi.

Fljúgandi yógar eru glæðvakandi.

Svo var þessu svífandi fólki breytt í illar nornir á kústi.

Svarti köttur nornarinnar er etv hin hljóðláta alheimsást gyðjunnar.



Egyptar höfðu köttin í hávegum einsog heiðnir Evrópubúar.

Kyrkjan lét murka lífið út köttum, þá fjölgaði músum og rottum,  
drepsóttir herjuðu, og voru sagðar hefnd Guðs fyrir syndir mannanna.

Enn er jólasveinninn í lausu lofti að þyrja himin yfir,




og enginn er að koma því máli niður á jörðina í neinni ofurást á lágkúrurökhyggju þeirra manna sem vita ekki meira en skilningarvit þeirra færa þeim, og gamaldags lærdómur þeirra leyfir.



Gamaldags menn segja kannski: Látum börnin bara trú þessu bulli meðan þau eru of litil til að beita rökhyggju um aðdráttarafl, þyngdarkraft.

Þeir hinir sömu vita ekki að hægt er að vinna út frá sviði, samsviði náttúrulögmálanna, sem er mörgmilljónmilljón sinnum kraftmeira en veraldlegir kraftar.



The Maharishi Technology of the Unified Field ©ClobalCountry

(sjá 37.)

vitundarþroskamenntun, breytir nú heiminum til hins betra, börnin losna við streituna og hugsa skírt.)

Stressið heftir meðvitundina.

Númer eitt tvö og þrjú er að losna við streituna úr líkamanum (31., tært taugakerfi).

Shrota suddhi, श्रोत सुद्धि, hreinsa allar rásir líkamans, sem eru stórar og smáar og eru um allan okkar kropp. (31.)

Opna á elvur (sem álfar standa fyrir), fljótin og lækina í okkur, finna álfa;



riðhu ऋभु eru hinar vitru fingerðu ofurmennsku verur, álfarnir okkar.

-Eru álfar freisting?

-Já. Góð freisting.

Freistingar skapa langanir, langanir eru nauðsyn í lífinu,  
en þær þurfa að vera heilbrigðar.



Tær maður hefur heilbrigðar langanir.



álfafreisting „HRIF“

<http://www.mmedia.is/odsmal/myogsa/Hrif.html>

Álfar eru freisting til hins æðsta fjársjóðs innan okkar,  
elfur, rásir, riðhú



Sagan: „Jakob? Er hann til?“ saga um blómálf:

<http://www.mmedia.is/odsmal/myogsa/myJakob.html>

<http://www.mmedia.is/odsmal>

<http://www.mmedia.is/odsmal/sogur.html>

íslenzk álfasaga:

<http://www.mmedia.is/odsmal/myogsa/Hrif.html>

stórar myndir, öll álfasagan Hrif

eða

litlar myndir fyrir litlar tölvur, álfasagan Hrif í þrem köflum

<http://www.mmedia.is/odsmal/vidblinkbjan04/Hriflitlarpix.html>

<http://www.mmedia.is/odsmal/vidblinkbjan04/hriflitlarpixmidhl.htm>

<http://www.mmedia.is/odsmal/vidblinkbjan04/hriflitpixlok.htm>

Barn þarf alltaf að vita hvað það vill  
og fá hjálp við að hrinda löngunum sínum í framkvæmd.

Þegar allra langanir flæða frjálssar eru allir kátir. (10., heiðið uppeldi.)



Þegar langanir rekast á er ekki gaman.




Langanir fá byr ef þær eru týréttar.

Já, freistingar eru góðar.  
Án mannlegrar forvitni verður ekki framför.



Álfamen Sigdrífu (Óðsmál in fáðu, DVD / VHS)  
Einnig í streymi á [www.mmedia.is/odsmal](http://www.mmedia.is/odsmal)

Til þess að hafa heilbrigðar langanir þarf að sóast.  
Annars verður þradjña aparadah, mistök vitsmunanna  
(sjá 4. skræðu, ofl.). Lestin fer útaf sporinu og allt í klessu.



rétt er ferlið endalausá hraða:

ginnungagap - ÓðinnVili Vei (eind þríeind eind þríeind.....)

Álfloð, að laða til ferðar,  
ferðar sem er engin vegalengd,  
frá mér til mín,  
ég gefinn sjálfum mér.

Álfar laða innávið.  
Látið freistast.  
(sjá „Ólaf liljurós betrumbættan“ í lok þessarar skræðu)


Álfar, ríbhú ऋभु

ríbhú dvelja í 12 daga agóhya अगोह्य, ekki huldir, um vetrarsólhvörf.

annars eru þeir huldir, guhya, gohya, गुह्य गोह्य leyndarmál,  
(a- er neitandi forsk.)

ríbhú snjallir, dvelja í sölum sólar -- en hún er álfröðull --  
að hluta til guðlegar verur

manúsya lóka मनुस्य लोक er mannheimar.  
sjá einnig manu og manvantara (manú-antara)



Álfar geyma fjársjóðinn mikla.

Hnitbjörg Gunnlaðar og álfakletturinn eru þessar fjársjóðakistur.

Þangað er enginn vandi að komast ef við látum freistast.  
En það tjóir ekki að standa og bíða eftir að öllu rigni yfir mann.  
Svolítið þarf að gera.


TM-tæknin virkar á nokkrum sekúndum, eðlilega og sjálfkrafa

Lærum tæknina TM (transcendental meditation), sem er einföld huglæg  
tækni -- en verður að lærast rétt, því ekki má þvinga eða reyna á sig.

Tæknin er jafn fingerð og álfarnir.

Við megum ekki troða, því ekkert er einfaldara og eðlilegra en að smjúga inn í viddina.

Ormagöngin (worm-holes) í tímarúmskvoðunni (space-time froth) eru þarna handa okkur -- hvenær sem við viljum og þegar við skiljum



Óðinn kemst alltaf í Hnitbjörg sem ormur, eftir rásinni sem nagdýrið Rati boraði. Það þurfti semsagt að gera eitthvað, þetta gerðist ekki sjálfkrafa.

(Rati)

Bölverkur veit allt um það mikla vesen.

Menn verða að læra þessa fingerðu tækni og vísindi og beita henni. Vísindin og tæknin eru eitt og hið sama, ekki tvennt.

Álfar eru fingerðir, tæknin TM er auðveld, og fjársjóðurinn bíður okkar innan okkar, innan mannlegrar hugsunar.



Við verðum álf, í álfarhami, fljúgum í fimbuldjúpi Ægis (2.) og of óravidd Glaðheima vitundar (14.).

Vakandi og lifandi.

Skiljum allt hið veraldlega eftir, jafnvel mannlega hugsun skiljum við eftir og erum ekki lengur hjá Gunnunum þrem, trigúna (3., 5.).

Sóumst og erum ginnungagap eingöngu um stund.

Í 4. vitundarstiginu, ég gefinn sjálfum mér, skapast hið óskapaða í meðvitund mannsins.

Álfar lifa vegna þess að, og til þess að, freista mannanna til að finna fjársjóðinn annars staðar en í tíma og rúmi, efnis og orku.

Finna hver við erum.

Álfafjár sjóðurinn er innan hvers manns,  
og álfar bjóða okkur inn í okkur sjálf til að finna hann.

Álfar deyja ekki, því þeir eru mannanna von.  
Álfar eru freisting og rásir inn til þess æðsta.  
Þess eina sem er varanlegur auður.  
Við þurfum álfana meðan við erum ekki orðin altær sjálf.

Gambangaman.

Við erum búnar að breyta kvæðinu um Ólaf liljurós,  
og setjum þessa „betrumbættu“ útgáfu hér í lok þessa rabbs okkar.  
Auðvitað er álfafreisting og álfloð gott mál.  
Við látum ekki lengur þröngsýnikerfi og Skammkatlana skemma fyrir okkur.

Við viljum lifa útfrá sviði allra möguleika.  
Guðin eru forsetar þar.

Það svið er ætíð vökult,  
vinnur ætíð í þróunarátt.  
Það svið meðhöndlar allan alheim óendanlega víðan.

Það er æðra mannlegri tilveru sem er bundin hinu veraldlega.  
Það er frelsi, ódauðleiki, óendanleiki, fullkomið jafnvægi.

En jarðlíf er okkar nauðsynlega tæki og tækifæri til að þróast.

Við erum nú á tímum að ná þessu yndislega marki að geta unnið útfrá samsviðinu.

Maðurinn er eins og alheimurinn í einu og öllu,  
hverju smáatriði,  
einnig til úr eindinni miklu.  
Við notum tækni og vísindi,  
það er gambangaman,  
-- allt að vinna, engu að tapa --

allt snurðulaust sem við gerum, og í þróunarátt,  
fær þannig byr frá forsetum náttúrulögmálanna, guðunum.

Við erum ginnungagap, hver einstaklingur er brahm,  
ayam aatma brahm अयं आत्म ब्रह्म

Það eru alltaf jól,  
menn fá reynslu af sínu guðlega óhefta eðli,  
öðlast fullkominn skilning.



Goþrún sem barn

*-Ég skal segja ykkur frá bláklæddu konunni sem var að sópa grasið  
Ekkert var eðlilegra.....  
Þegar ég var 2ja ára sá ég huldukonu eða álfkonu. Við vorum á  
fjölskylduferðalagi á Kvoslæk í fögru sumarveðri. Brakandi heypurrki.  
Fólkið var að rabba við bóndann.  
Allt í einu spurði ég: -Af hverju er konan í bláa kjólinum að sópa grasið?  
Fólkið leit í áttina að klettinum sem ég benti á,  
en sá aðeins klettinn og grasbalann fyrir framan hann.  
Bóndinn útskýrði fyrir mér að hún ætti heima í klettinum og væri að rifja  
heyið sitt.  
Þessi bali er aldrei sleginn af mönnum því bláklædda konan á hann.  
Fólkinu þótti gaman að ég skyldi sjá konuna í bláa kjólnum,  
og engum þótti neitt athugavert við útskýringar bóndans.  
Ekkert var sjálfsagðara en að konan í bláa kjólnum væri að heyja við  
klettinn sinn,  
og ekkert eðlilegra en að barnið sæi hana.*

-Okkur þykir heldur ekkert athugavert við þetta, völva smá!

-Matargjafir til álfa og forfeðra voru bannaðar á öldum fáfræði og trúgimi.

Þær gætu verið piñdada पिण्डद.

-Við jólasveinar erum 9 eða 13, tölur sem segja kannski ekki annað en að við erum margir. En þessar tölur er svo víða að finna í menningararfi. Bæði 13 og 9.



af gömlum dönskum jólapokum

Við komum til manna um jól, sem bendir til að þessi yndislegi tími sé til að huga að forfeðrum og álfum.



Við gætum verið forfeðurnir,  
við gætum verið guðin,  
við gætum verið innri öfl.

Nöfnin okkar lifa og benda til að við gegnum hlutverkum meðal mannanna.



Við höfum gylltan staf í hendi, sem gæti verði kjarnsýran, DNA,




sem lifir frá kynslóð til kynslóðar.

Gylltur ævarandi stafur, stinnur stafur,  
sem er innan hvernar frumu allra lífvera.  
Óslitin keðja erfðanna.

Þessar hugmyndir um matarstuld, voru etv snjöll leið til að gefa  
forfeðrum mat þótt það væri bannað:

-- ó ó þeir bara stálu mat og sniktu kerti. Ó ó, hvílik vandræði!!  
Meira vesenið  
(og svo var brosað í laumi.)




Nú eru börnin ekki hrædd við jólasveina, heldur þykir vænt um þá.  
Mannheimar eru að breytast úr fáfræði og ótta í skilning og þekkingu.

manúsyā loka मनुश्य लोक er mannheimar.

Margt bendir til að forn og fagur grunnur sé undir þjóðtrúnni.  
Hún, með því að vera forn, hefur sannað að hún er komin til að vera.

Er um sannleikann mikla sem aldrei getur dáíð.



Álfar á Íslandi hafa, á sínum híbýlum, inngang sem snýr í austur.

Sukhra, Venus, ræður í austri, háaustri,  
Soma, Máni, í norðrinu, hánorðri landfræðilegu.  
Þetta eru góðar áttir og við látum innganginn endilega snúa í háaustur,  
eða þá í hánorður.  
Þetta er í sthapatya-ved byggingarlistinn ævafornu.

Surtur fer sunnan með sviga lævi, og suður er ekki góð átt fyrir inngang.  
Mangal og Shani og Rahu og þannig reikistjörnur og fyrirbæri ráða í suð-  
og vestlægum áttum og við forðumst að inngangurinn snúi í þær áttir.



Austur er orient, og orientation er það að átta sig.  
Og heilastarfsemin er bezt, heilinn virkar bezt (þalamus), þegar við  
snúum í austur. (26.)

Yfirborð jarðar er á fleygiferð, með okkur á, í austur.

Gott er að eiga sér vaastú वास्तु en það er rétt lóð  
(vaastú er sama orð og vist á íslenzku)  
og hvað er rétt lóð:

Gott er að eiga sér vaastú, þ.e. fullkomlega rétta lóð undir hús,  
og sthapatyaved hús, sem er í samræmi við náttúrulögmálin,  
öll hlutföll samhljómandi hlutföllum í mannslíkamanum,  
áhrif umhverfis rétt:  
afstaða meginvatnsból (sé í austri, norðaustri eða norðri, ekki suðri,  
suðvestri né vestri),  
halli lands (sé í austur, norðaustur eða norður, ekki í suður, suðvestur  
né vestur),  
húsið sé rétt á höfuðáttir, ekki skakkt,  
sýn að sólarupprás morgun hvern og dyr í austur þar sem shukra ræður,  
nú eða í norður þar sem sóma ræður.  
Á Íslandi eru fjöll, og þau mega ekki skyggja á sólarupprásina.  
Sólarupprás er í háaustri á jafndægum, en í norðri á sumarsólstöðum,  
og í suðri á vetrarsólvörfum, svo vanda verður til við að finna vaastú.  
En sthapatyaved hús borgar sig fyrir menn.  
Þar víkkar út skilning og athygli.  
Meðvitund manna verður frjáls og gleikkar í slíkum húsum.  
Híbýli hafa áhrif á menn.  
Sthapatyaved er æðsta þekking í byggingarlist.  
Byggingarefnið, heiðarlega sé aflað fjárins í húsið, aðferðin við að reisa,  
jafnavel hvernig er að verki staðið við að tala við landvættir áður en hafizt  
er handa.  
Ekki má einu sinni koma með mælistiku hvað þá annað fyrr en náttúran  
hefur svarað þeim sem ætlar að reisa á þessum stað sitt hús.  
Og það gerir hún.  
Stundum er svar hennar að fugl sezt á grein og syngur,  
stundum glitra daggardropar á greinum,  
stundum berst fossniður með andvara,  
og fleira svona fingert er svar náttúrunnar.  
Sthapatyaved er eini arkitektúrinn og byggingarmátinn sem getur borið  
nafnið húsaveikilaus híbýli.  
Þegar menn búa í slíkum húsum, reistum skv æðstu þekkingunni,  
verður meðbyr í lífi manna.  
Í miðju hússins er brahmasthan. Þar er ekki gengið um gólfið.

Fyrir ofan brahmasthan er á þakinu litill turn sem hleypir inn birtu.

Á honum er kalash, kálkur, कलश sem tengir húsið við hið himneska.

Turnar eru notaðir -- síðan veda-vísindin kenndu það -- af ótal mörgum mönnum, þótt þeir viti ekki lengur til hvers. Bara orðinn vani að setja turn.

Einkennilegur léttleiki umlykur þá sem inn í sthapatya-ved hús koma. Heilinn starfar vel, og meðvitundin er frjáls.

Maður hefur á tilfinningunni að vera ekki inni í húsi, heldur hafi manns eigin líkami vikkað ! Og það er svo !!!

Reikistjörnurnar í sólkerfinu okkar hafa stöðug áhrif á líf mannanna á jörðunni.

Það er hægt að hafa áhrif á þau áhrif til að firra okkur vandræðum sem Urður Verðandi Skuld vita af,

hægt að bæjja frá slæmri Skuldu sem er fyrirsjáanlega að koma til baka til okkar.

Einnig er hægt að örva góða Skuldu og gera hana betri.

heyam dúhkham anaagatam हेयं धुःखमनागतम्

bægið brott ókomnum óheillaatburðum.

Það er aðeins hægt með yagdñja-þekkingunni ævafornu, byggðri á vísindum maharishis, þekkingunni sem hefur verið rannsökuð og gerð tær,

-- orðin tær þekking án aukadúllanna sem bætzt hafa við í tímans rás.

Grunnurinn er stærðfræði. Byggt er á djótish

(einni af vedabókmenntum).

Hægt er að beita þekkingunni fyrir einstaklinga, félög, samtök og heilar þjóðir.

## **Ólafur Liljurós**

### **betri maður**

**(Ólafur betrumbættur)**

Ólafur reið með björgum fram

villir hann, stillir hann

Hitt'ann fyrir sér álfarann

þar rauður loginn brann

blíðan lagði byrinn undan björgunum

blíðan lagði byrinn undan björgunum fram

Þar kom út ein álfamær

v

sú var eigi kristi kær

þ

b

b

Þar kom út ein önnur

v

hélt hún á gullkönnu

þ

b

b

Þar kom út in þriðja

v

með gullband um sig miðja

þ

b

b

„Gakk í björg og bú með oss.....

v

.....þiggðu, ungsveinn, þennan koss”

þ

b

b

„Eigi vil ég með álfum búa.....

v

.....heldur vil ég á krist minn trúa”

þ

b

b

Rétti fram hönd fagurt álfafljóð

v

söngur ómaði og fögur ljóð

þ

b

b

Sté af baki Liljurós

v  
þuldi meynni blíðlegt hrós

þ  
b  
b

( → úr þátíð í nútíð ← )

Hvítum mansins nettu höndum  
villir hann, stillir hann  
tengist hann, heillaður, römmum böndum  
þar rauður loginn brennur  
blíðan leggur byrinn undan björgunum  
blíðan leggur byrinn undan björgunum fram

Upp ljúkast salir gulli prýddir

v  
þar álfar eru pelli skryddir

þ ... (brennur)  
b (leggur)  
b

„Gakk í sal og bú með oss....

v  
....slíkt mun lífs þíns dýra hnoss”

þ  
b  
b

Gjöf honum færir mér þar ein

v  
gefur þar að líta jarknastein

þ  
b  
b

Heillaður freistast Liljurós

v  
iðilfölrí bindast álfadrós

þ  
b  
b

Gnægtir færir álfalíf

v

og hamingju hið ljósa víf

þ

b

b

Ríðið því, menn, með björgum fram

v

hittið fyrir álfarann

hvar rauður loginn brennur

hvar blíðan leggur byrinn undan björgunum

blíðan leggur byrinn undan björgunum fram.

\*\*\*\*\*ISBN 978-9935-409-22-5\*\*\*\*\*



úr sögu sem heitir „Hrif“

sem er á: <http://www.mmedia.is/odsmal/myogsa/Hrif.html>

í sögunum <http://www.mmedia.is/odsmal/sogur.html> tengill Sögur

á [www.mmedia.is/odsmal](http://www.mmedia.is/odsmal)

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa

Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rötstöfum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmar). परधर्म (paradharmar), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknið okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað í húlða Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellumlifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Goþrún dimmblá  
Guðrún Kristín Magnúsdóttir

\*\*\*\*\*